

JAZZ TÓNLEIKAR
31. ÁGÚST KL. 16:00
JAZZ TÓNLEIKAR Á VEGAMÓTUM OG Í TJALDINU
LAUGARDAGINN 31. ÁGÚST KL. 16:00

KVARTETT KÁRA ÁRNASONAR
KÁRI ÁRNASON - TROMMUR
ÓMAR GUÐJÓNSSON - GÍTAR
ÓLAFUR JÓNSSON - TENÓR SAX
GUNNAR HRAFNSSON - BASSI

ÞEIR SPILA ÞEKKTA JAZZSTANDARDA
Í ÚTSETNINGUM KVARTETSINS

LAUGARDAGURINN 31. ÁGÚST
DJ NICK WARREN & ALFONSO X
EXCLUSIVE-PARTY Í TJALDINU FRÁ KL. 21:00 - 24:00

VEGAMÓT
BISTRO/BEAR

SKAUTA HÖLLIN
REYKJAVÍK

Vetrarstarfið er hafið í Skautahöllinni Laugardal

Opnunartímar fyrir almenning

Mánudaga og þriðjudaga kl.: 12:00 - 15:00
Miðvikudaga og fimmtudaga frá kl.: 12:00 - 15:00 og aftur frá kl.: 17:00 - 19:30
Föstudaga kl.: 13:00 - 22:00
Laugardaga og sunnudaga kl.: 13:00 - 18:00

Opnunartímar fyrir skólahópa á virkum dögum frá kl. 10:00 til 15:00

Tímabókanir í síma: 588 9705

Skautaeingar
Skautafélögin Björninn og Skautafélag Reykjavíkur eru með æfingar í íshokki og listhlaupi á skautum í Skautahöllinni.

Upplýsingar og skráning:
Björninn sími: 588 8700
S.R. Hokki sími 878 1221 • S.R. List sími 898 4461

Vefsíða: skautahollin.is

MÚLAVEGUR 1 SÍMI: 588 9705 SÍMSVARI: 104 REYKJAVÍK FAX: 588 6178 588 5533

FRÉTTABLAÐIÐ

í útlöndum úti á landi

í vinnu í útlöndum

Þú getur sótt Fréttablaðið þitt á frett.is

Á frett.is er hægt að sækja Fréttablaðið í dag á pdf-formi. Þar er einnig hægt að nálgast eldri tölublað Fréttablaðsins á frett.is.

Kjarvalsstaðir: Úti er ekki inni, inni er ekki úti

ARKITEKTÚR Óvenjuleg framsetning hversdagslegra byggingarefna og forma í nýju samhengi, markvissri notkun ljóss sem, andstætt dreifðri birtu, felur í sér allt litrófið og allan birtuskalann er grundvöllur að verkum arkitektanna Arno Lederer, Jörunnar Ragnarsdóttur og Mark Osei. Sýning á ljósmyndum og líkönum eftir arkitektana hefur opnað í miðrými Kjarvalsstaða.

Einkennandi fyrir byggingarlist þessa arkitekta er að hún er þung og samanstendur af gegnheilum mürsteinsveggjum, sívalningum, kröftugum súlum, keilulaga loftræstingarrörum og öllum þeim formum sem brjóta upp lögmál flatarmálsfræðinnar.

Þetta er byggingarlist sem þorir að hafa lágt til lofts og leyfir sér að móta dimm skot og afkima.

Sýningin sem sett er upp á Kjarvalsstöðum hefur verið sett upp áður í Berlín og München. Byggingar á sýningunni eru eftirfarandi: Salem International College í Überlingen við Bodensee, Akademie í Stuttgart-Hohenheim, Grunnskóli í Ostfildern og Orkustofnun EVS í Stuttgart. Sýningin stendur til 27. október. ■

GRUNNSKÓLI, OSTFILDERN - INNI
Meginatriði í verkum Arno, Jörunnar og Marc er mótun innra rýmis sem gefur skjól og nálægð. Þau hafna gegnsæjum arkitektúr sem lokar manneskjuna úti og gerir hana varnarlaus. Þess í stað leitast þau við að skapa hlýlegt andrúmsloft í byggingum sem veitir manneskjunnar öryggi.



MIDVIKUDAGURINN 31. ÁGÚST

FÉLAGSSTARF

09.30 Félag eldri borgara í Hafnarfirði, Hraunseli, Flatahrauni 3. Morgungangan kl. 10.00 frá Hraunseli, rúta frá Firðinum kl. 9.30

LEIKHÚS

20.00 **Borgarleikhúsið** sýnir gamanleikritið **Með vífið í lúkunum** eftir Ray Cooney. Leikritið hefur verið sýnt við góðar undirtektir frá því í maí 2001.

TÓNLEIKAR

16.00 **Kvartett Kára Árnasonar** trommuleikara spilar á **Vegamótum**. Með Kára spila þeir Ómar Guðjónsson gítar, Gunnar Hrafnsón bassi og Ólafur Jónsson tenór-sax.

16.00 Söngkonan **Helena Eyjólfssdóttir** kemur fram í dag á sumartónleikarröð veitingahússins **Jómfrúarinnar við Lækjargötu** í dag. Með Helenu leika Sigurður Flosason á saxófón, Agnar Már Magnússon á orgel og Pétur Grétarsson á trommur. Helena flytur þekkt jazzlög og einhver hinna íslensku laga sem hún er þekkt fyrir. Með þessum tónleikum lýkur tónleikaröðinni Sumarjazz á Jómfrúnni árið 2002.

SKEMMTANIR

23.00 Hljómsveitin í **svörtum fötum** leikur í **Sjallanum, Akureyri**.

23.00 **Stuðmenn** verða í sveiflu í **Félagshöllum Seltjarnarnesi** í kvöld.

23.00 Hljómsveitin **Spútnik** leikur á **Players í Kópavogi** í kvöld.

23.00 Á **Sportkaffi** verður **Kidda „Big F“** treyst fyrir tónlistarstjórninni.

23.00 **Land og Synir** ætla að troða upp á **Breiðinni á Akranesi** í kvöld. 18 ára aldurstakmark.

23.00 **Doddi litli** verður í búrinu á **Café 22** í kvöld og stendur fyrir stemmingu fram undir morgun.

OPNANIR

16.00 **Harpa Rún Ólafsdóttir** opnar sýningu í **Galleri Tukt, Hinu Húsinu** í dag. Harpa er nýnemi í Listaháskólanum og er þetta fyrsta einkasýning hennar. Verk hennar eru litrík og gáskafull og koma öllum í gott skap. Sýningin stendur til 15 september.

16.00 Í dag verða opnaðar tvær listsýningar í **Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41**. Í **Ásmundarsal** sýnir **Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir** ljósmyndir og skulptur úr MDF, gleri og líni. Í **Gryfjunni** sýnir **Kristveig Halldórsdóttir** myndlistarkona myndverk gerð úr rabbarbara, úr honum hefur hún búið til pappyrus. Einnig sýnir hún ljósmyndir af börnum. Listasafn ASÍ er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 14.00-18.00. Aðgangur er ókeypis. Sýningunum lýkur 22. september.

MYNDLIST

Berglind Björnsdóttir ljósmyndari sýnir í **aðalsal Galleris Skugga** á Hverfisgötu. Sýningin nefnist Trufluð tilvera. Sýningin stendur til 8. september. Opnunartími Galleri Skugga er kl. 13-17 alla daga nema mánudaga. Ókeypis aðgangur.

Bandaríski listamaðurinn **Holly Hughes** heldur ljósmyndasýningu í **kjallara Galleri Skugga**, Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina Choices. Á sýningunni eru ljósmyndir af samstarfsverkefnum Holly með bæjarbúum í íslenskum byggðarlögum. Sýningin stendur til 8. september. Galleri Skuggi er opið alla daga nema mánudaga kl. 13 - 17 og er aðgangur ókeypis.



HÖRÐUR, DIDDÚ OG SVERRIR
Hörður hefur stjórnað Mótettukórnum frá upphafi. Hann er ásamt kór og einsöngvurum að undirbúa tuttuðu ára afmælishátíð kórsins.

Veglegir afmælistónleikar Mótettukórsins

Kórinn hefur starfað í tuttuðu ár. Upplifun að syngja í kór, segir Hörður Áskelsson stjórnandi, og skemmtilegt félagslíf þótt kórinn þyki reyndar ekki mikill partýkór.

TÓNLIST Kórsöngur er mjög sérstök upplifun fyrir þá sem taka þátt í honum af lífi og sál,“ segir Hörður Áskelsson, stjórnandi Mótettukórs Hallgrímskirkju. Kórinn heldur upp á tuttuðu ára starfsafmæli sitt með veglegum tónleikum á morgun, sunnudag. „Félaglega er þetta líka mjög sérkennilegt fyrirbæri, hljódfæri sem samanstendur af manneskjum,“ segir hann.

Mótettukórinn hefur þótt með betri kórnum landsins. Hörður segist því geta leyft sér að vera kröfuharður þegar hann velur fólk í kórinn. „Þetta er auðvitað spurning um framboð og eftirspurn, nú er mikið af framþærilegu fólki og ég þarf að vísa mörgum góðum frá á hverju hausti.“ Mótettukórinn telur 50 manns og Hörður segir hlutfallið milli radda vera best með um 18 sóprana og tólf í öðrum röddum. „En getur kór beinlínis verið of góður? „Ég hef reyndar verið gagnrýndur fyrir of mikla fágun, en það er alltaf smekksatriði,“ segir hann. Og félagslífið? Hörður hlær og segir félagslífið ekki mikinn partýkór. „Einn vissi ég um sem var ráðlagt að fara ekki í Mótettukórinn, það væri ekki nógu mikið stuð. En auðvitað er

félagslífið skemmtilegt, utalandsferðir og allskyns uppákomur.“ Hvað með aldurstakmark á kórmeðlimi? „Þegar ég byrjaði þótt mér fólk um fertugt komið að fótum fram og bara búið að vera,“ svarar Hörður. „Nú þegar ég er sjálfur kominn yfir þessa „grensu“ sé ég hvað þetta er rangt.“

Dagskrá afmælistónleikanna er afar vönduð. „Meginverkið á efnisskránni er Óttusöngvar á vori eftir Jón Nordal. Það er galdur í þessu verki sem hefur alltaf hrifið áheyrendur. Sigrún Hjálmtýsdóttir og Sverrir Guðjónsson syngja með kórnum og undirleikarar eru Douglas A. Brochie, Inga Rós Ingólfssdóttir, sellóleikari og Eggert Pálsson slagverksleikari. Önnur verk á tónleikum eru Kvöldbænar Þorkels Sigurbjörnssonar, sem voru samdar fyrir Mótettukórinn, og sálarnir „Víst ertu, Jesú, kóngur klár“, „Dýrd, vald, virðing“ og „Svo stór synd engin er“. Texti allra þessara verka er eftir Hallgrím Pétursson. Ég get lofað áheyrendum yndislegri stund í Hallgrímskirkju á morgun,“ segir stjórnandinn að lokum. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 annað kvöld.

edda@frettabladid.is

Jón Sæmundur Auðarson sýnir í **Galleri Hlemmi**. Sýningin stendur til 15. september og er opin fimmtudaga til sunnudaga kl. 14-18.

Rebekka Gunnarsdóttir sýnir í **Sjóminjasafni Íslands**, Vesturgötu 8, Hafnarfirði. Rebekka sýnir vatnslitamyndir og glerverk sem að mestu eru unnin á þessu ári. Aðal viðfangsefni myndanna er landslag, götumyndir og hús í Hafnarfirði. Sýningin stendur til 8. september og er opin alla daga frá kl. 13-17.

Afmælisýning Myndhöggvarafélag Íslands stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**. Fjórtn myndhöggvarar sýna. Sýningin er fjölbreytt og sýnir þá miklu breidd sem ríkir innan félagsins sem fagnar 30 ára afmæli sínu. Sýningin stendur til 6. október.

Sýning á nýjum verkum hafnfirskra málara **Jóns Thors Gíslasonar** er í **Hafnarborg**, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar Á sýningunni eru málverk, grafík, vatnslitamyndir og teikningar. Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17 og lýkur 9. sept.

Grafíski hönnuðurinn og myndlistarkonan, **Valgerður Einarsdóttir**, sýnir verk sín á **Kaffi Sólon**. Sýningin stendur til 6. september.

Arnfinnur Amaze og **Bryndís Erla Hjálmarsdóttir** sýna í rými undir stiganum í **i8, Klappartíg 33**. Verkið sem þau sýna nefnist „Víð erum í svo miklu jafnvægi“ og er innsetning með ljósmynd og spegli. Sýningin stendur til 6. september. i8 er opið þriðjudaga til laugardaga frá kl. 13.00-17.00